

grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans.
Oddviti gerir að tillögu sinni að Margrét Bjarnadóttir, Heiða Guðmundsdóttur og Ragnar Bjarnason skipi vinnuhóp fyrir hönd sveitarstjórnar til að vinna þetta mál og leggi fyrir næsta fund tillögu um starfs- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.
Samþykkt.

Til kynningar:

A)Aðalfundur Eypings

Arnór Benónýsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Eiður Jónsson

Árni Pétur Hilmarsson

Ragnar Bjarnason



Opnun gámavallar

Nýr gámavöllur Þingeyjarsveitar í landi Stórutjarna verður formlega tekinn í notkun með vöktun og starfsmanni miðvikudaginn 1. mars. Sama dag verða gámar sem hafa verið staðsettir á Laugum og við Laxárvirkjun fjarlægðir.

Opnunartími á gámavellinum fyrst um sinn verður á miðvikudögum og föstudögum frá 16:00-18:30

Frá og með 1. mars munu allir greiðendur sorphirðugjalda (heimili og sumarbústaðir) geta nálgast klippikort á skrifstofu sveitarfélagsins. Klippikortið inniheldur 4m³ og gildir sem aðgöngumiði á gámavöllinn.

Verið er að vinna upplýsingar um gámvöllinn og sorphirðu í sveitarfélaginu sem verða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins www.thingeyjarsveit.is innan skamms tíma.

Land Rover til sölu

Þingeyjarsveit auglýsir til sölu Land Rover Discovery árgerð 1999. Bíllinn er keyrður 291.xxx km og gengur fyrir dísel. Bíllinn er nýskoðaður án athugasemda. Ásett verð er 570.000kr.



Hægt er að hafa samband við Jónas Halldór Friðriksson vegna frekari upplýsinga í gegnum símanúmerið 866-8843 eða netfangið jonas@thingeyjarsveit.is



Bjarmavöllur í Fnjóskadal

Ungmennafélagið Bjarmi hefur til útleigu frábært svæði fyrir ættarmót, afmæli eða aðra hópa. Svæðið er gamall íþróttavöllur þar sem hægt er að tjalda. Rafmagnstenglar eru á svæðinu, sturta og wc. Aðstaða til þess að hita vatn og vaska upp. Svæðið er umkringd skógi, stutt í fallegar gönguleiðir, fótboltavöllur og danspallur eru á svæðinu. Tvær sundlaugar eru í nágrenninu. Gæludýr eru ekki leyfð.

Ungmennafélagið Bjarmi

Birna s:8483547 eða bjrnada@simnet.is



Bolludagur

Það tilkynnist hér með að við munum ekki þaka bollur né keyra á milli bæja í tilefni bolludagsins.

Hjartans þakkið fyrir góðar móttökur í gegnum árin.

Kvenfélagskonur í Aðaldal

Sumarstarf í Fnjóskadal



Hefur þú áhuga á lifandi og fjölbreyttu starfi, í veitingaskálanum Stekk við golfvöllin í Lundi. Starfið er afgreiðsla veitinga í skálanum og þjónusta við gesti golfvallarins.

Áhugasamir hafi sambandi við;
Sigga – 6186813 eða sigga@ljosgjafinn.is
Nonni – 8930541 eða nonni03@simnet.is



Messa Einarstöðum

Almenn guðspjónusta verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag, 26. febrúar klukkan 16:00.
Séra Örnólfur J Ólafsson þjónar fyrir altari.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

4. Fulltrúaráð Eypings- tilnefning varamanns.

Eyping óskar eftir að varafulltrúi verði skipaður fyrir hvern aðalfulltrúa.

Aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar er Arnór Benónýsson.

Oddviti gerir tillögu um Margréti Bjarnadóttur sem varafulltrúa í fulltrúaráði Eypings til tveggja ára. Samþykkt með 5 atkvæðum. Fulltrúar T-listans sátu hjá.

5. Ósk um stuðning við verkefnið „1 Blár strengur“ og rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi.

Tekið fyrir erindi frá Hrafnhildi Ýr Denke f.h. hönd verkefnisins „1 Blár strengur“ sem er átaksverkefni sem nemendur og kennarar á heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri hafa lagt af stað með og gengur útá að vekja athygli á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum. Fjárhæð styrks sem sótt er um er 200.000 kr.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Gámavöllur.

Jónas Halldór Friðriksson sat fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stöðu mála. Jónas lagði fyrir fundin tillögur að gjaldskrá og tillögur að opnunartíma.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við gjaldskrá um sorphirðu í Þingeyjarsveit eins og hún liggur fyrir fundinum og opnunartíma á gámavellinum við Stórutjarnir mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 16:00-18:30, laugardaga frá 11:00-13:00. Einnig samþykkt að auglýsa eftir starfsmanni við gámasvæðið í 30 % starf.

Viðauki við gjaldskrá um sorphirðu í Þingeyjarsveit vegna gámavallar.

2. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins

vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4m³ af úrgangi), heimili 8.300 – kr.

ATK! Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.

Gjöld rekstraraðila:

Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kr. eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.900 og í urðunargjald kr. 4.400 eða samtals kr. 8.300

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 39 kr. og 44 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bæstist við 3.900 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 4.400 kr. í urðunargjald.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni úrelt ökutæki.

7. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 03.02.2017.

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 03.02. sl. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er einn liður.

Sveitarstjórn samþykkir tillögur nefndarinnar.

8. Vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans .

Kynning á vegvísi samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags



Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
09.02.2017
209. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 9. febrúar 2017 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Eiður Jónsson (í fjarveru Margrétar Bjarnadóttur), Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Margrét Sólveig Snorradóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 8. lið „Vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans“

Samþykkt samhljóða

Dagskrá:

1. Svartárvirkjun – staða verkefnis – fulltrúar frá SSB Orku og Verkís mæta á fundinn
2. Ljósleiðari – styrkur frá Fjarskiptasjóði
3. Leiga á Laugavelli
4. Fulltrúaráð Eyþings- tilnefning varamanns
5. Ósk um stuðning við verkefnið „1 Blár strengur“ og rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi
6. Gámavöllur
7. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 03.02.2017
8. Vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans

Til kynningar:

a) Aðalfundur Eyþings

1.Svartárvirkjun – staða verkefnis – fulltrúar frá SSB Orku og Verkís.

Pétur Bjarnason frá SSB Orku og Jóhannes Ófeigsson frá Verkís komu til fundarins og kynntu stöðu mála vegna Svartárvirkjunar. Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi sat einnig fundinn undir þessu lið.

2.Ljósleiðari – styrkur frá Fjarskiptasjóði.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Fjarskiptasjóð um styrkveitinguna.

Samþykkt með 6 atkv. Ragnar Bjarnason sat hjá.

3. Leiga á Laugavelli.

Lagt fram erindi frá Haraldi Bóassyni f.h. Dalakofans, þess efnis að fá Laugavöll til leigu næstu 4 ár 2017-2020 að báðum árunum meðtöldum.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við forsvarsmenn Dalakofans ehf. á grundvelli erindisins.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur

Félags sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu verður haldinn að Ýdölum, Aðaldal

fimmtudaginn 2. mars kl 20.30
Venjulega aðalfundarstörf.

Gestur fundarins verður Þórarinn Ingi Pétursson
formaður Landssambands sauðfjárbænda.
Stjórnin

Aðalfundur

Búnaðarfélags Aðaldæla Í Ýdölum

verður haldinn þriðjudagskvöldið 28 febr. kl. 20:15.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. María Svanþrúður mætir og rýnir í búvörusamninga og félagsmál með okkur.

Allt félagskerfi okkar er í mótun og við verðum að ræða hvernig við viljum helst sjá það í framtíðinni. Því er mikilvægt að félagar mæti. Nýir félagar velkomnir, ekki síst konur.

Stjórnin.

Miðsvetrarfundur

Kvenfélags Fnjóskdæla

Verður haldin í Skógum
Miðvikudagskvöldið 1. mars kl. 20:30
eigum saman góða kvöldstund

Nýjar konur velkomnar í félagið.

Stjórnin



Breyting á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar samþykkti þann 17. nóvember 2016 óverulega breytingu á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að landnotkunarreitur verslunar- og þjónustusvæðis (ferðapjónustusvæðis) í landi Rauðuskriðu í Skriðuhverfi í Pingeyjarsveit er stækkaður um 1,07 ha eða úr 53,8 ha í 64,5 ha og leyfilegt byggingarmagn á reitnum er samhlíða aukið um 300 m² eða úr 2.463 m² í 2.463 m².

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

8. tbl.
22. fer
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



ÉG VEIT ÞÚ KEMUR !

Vorfagnaður Karlakórsins Hreims verður í Ýdölum laugardagskvöldið 25.mars kl.20,30.

Gestasöngvarar verða Margrét Eir og Gissur Páll og fagnaðarstjóri verður Viðar Guðmundsson.

Allar líkur á að þetta verði virkilega góð kvöldstund. Nánar auglýst síðar.

KARLAKÓRINN HREIMUR.



Tónleikar.

Söngfélagið Sálubót verður með kaffitónleika í Stórutjarnaskóla sunnudaginn 5 mars kl 15:00.

Nánar auglýst í næstu Hlaupastelpu.